

# Lög

**um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003,  
með síðari breytingum (ríki-fyrir-ríki skýrslur).**

---

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. a laganna:

- a. Á eftir orðinu „móðurfélag“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: fjölpjóðlegrar.
- b. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Skyldan til að skila ríki-fyrir-ríki skýrslu um skattskil gildir ekki um innlent móðurfélag fjölpjóðlegrar heildarsamstæðu ef tekjur heildarsamstæðunnar á síðasta reikningsári samkvæmt samstæðureikningi voru lægri en 750 milljónir evra.
- c. Á eftir orðunum „teljist ekki vera móðurfélag“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: fjölpjóðlegrar.
- d. B-liður 2. mgr. orðast svo: heimilisfestarríki hins erlenda móðurfélags hefur gert samning við Ísland þar sem kveðið er á um upplýsingaskipti en ekki er í gildi, við lok reikningsársins, samkomulag milli bærra stjórnvalda sem kveður á um sjálfvirk upplýsingaskipti á ríki-fyrir-ríki skýrslum um skattskil skv. 1. mgr., eða.
- e. C-liður 2. mgr. orðast svo: ríkisskattstjóri hefur tilkynnt íslenska féluginu að kerfisbrestur sé til staðar í heimilisfestarríki móðurfélags sem leiðir til þess að íslensk skattfyrvöld fá ekki ríki-fyrir-ríki skýrslur.
- f. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Skylda til að skila ríki-fyrir-ríki skýrslu er ekki til staðar þegar staðgöngufélag móðurfélags er skilaskylt í öðru ríki að því gefnu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- 1. Heimilisfestarríki staðgöngufélags móðurfélags gerir sömu kröfur um efni ríki-fyrir-ríki skýrslna og gerðar eru hér á landi.
- 2. Við lok reikningsársins er í gildi samkomulag við bært stjórnvald í heimilisfestarríki staðgöngufélags móðurfélags sem kveður á um sjálfvirk upplýsingaskipti á ríki-fyrir-ríki skýrslum um skattskil skv. 1. mgr.
- 3. Heimilisfestarríki staðgöngufélags móðurfélags hefur ekki tilkynnt ríkisskattstjóra um að kerfisbrestur sé til staðar sem leiðir til þess að íslensk skattyfirvöld fá ekki ríki-fyrir-ríki skýrslur.
- 4. Ríki-fyrir-ríki skýrslu er miðlað til ríkisskattstjóra af bæru stjórnvaldi í heimilisfestarríki staðgöngufélags móðurfélags.
- 5. Samstæðufélag hefur tilkynnt bæru stjórnvaldi í heimilisfestarríki um að það sé staðgöngufélag móðurfélags í samræmi við þarlendar reglur um slíkar tilkynningar.

6. Samstæðufélag með heimilisfesti hér á landi skilar upplýsingum til ríkisskattstjóra um auðkenni og skattalega heimilisfesti staðgöngufélags móðurfélags.
- g. 3. mgr. orðast svo:  
Samstæðufélag fjölpjóðlegrar heildarsamstæðu sem er með skattalega heimilisfesti á Íslandi skal innan mánaðar frá lokum reikningsárs slíkrar fjölpjóðlegrar heildarsamstæðu tilkynna til ríkisskattstjóra hvort félagið sé móðurfélag heildarsamstæðunnar eða staðgöngufélag móðurfélags.
- h. 4. mgr. orðast svo:  
Félag, með skattalega heimilisfesti hér á landi sem er hluti af fjölpjóðlegri heildarsamstæðu og er hvorki móðurfélag heildarsamstæðu né staðgöngufélag móðurfélags, skal innan mánaðar frá lokum reikningsárs tilkynna ríkisskattstjóra hvaða félag í samstæðunni skili ríki-fyrir-ríki skýrslu um skattskil og um heimilisfestarríki þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 7. maí 2019.*